

Laugardaginn 15. júní 1946.

Kærumálið nr. 8/1946. Jóhann Þ. Jósefsson
gegn

Magnúsi Thorlacius.

Ómerkingar- og frávísunarkröfu hrundið.

Dómur hæstaréttar.

Með kæru 21. f. m., er hingað barst 31. s. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 108. gr. laga nr. 85/1936 kært úrskurð, upp kveðinn 17. f. m. á bæjarþingi Reykjavíkur, þar sem hrundið var frávísunarkröfu sóknaraðilja í máli varnaraðilja gegn honum.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði ómerktur og fyrrgreindu máli vísað frá bæjarþinginu. Einnig krefst hann málskostnaðar úr hendi varnaraðilja fyrir bæjarþinginu svo og kærumálskostnaðar eftir mati hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaður úr hendi sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðilja 150 krónur í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Sóknaraðili, Jóhann Þ. Jósefsson, greiði varnaraðilja, Magnúsi Thorlacius, 150 krónur í kærumálskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 17. maí 1946.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 8. þ. m., hefur Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður hér í bæ höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 18. febrúar s. l., gegn Jóhanni

P. Jósefssyni alþingismanni, Bergstaðastræti 86 hér í bænum. Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, að *siðargreind* ummæli í vottorði stefnda, dags. 28. maí 1945, verði dæmd dauð og ómerk, að stefnda verði dæmt að greiða stefnanda kr. 800.00 til að standast kostnað á birtingu dóms í máli þessu og í aukadómþingsmáli Reykjavíkur nr. 493/1946: Réttvisin gegn Jóhanni Þorkeli Jósefssyni svo og bætur fyrir miska o. fl., með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags. Loks hefur stefnandi krafizt málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnda.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt þess, að máli þessu verði vísað frá bæjarþinginu og stefnanda gert að greiða málskostnað að mati dómars. Til vara hefur stefndi krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og að hann verði dæmdur til að greiða málskostnað að mati dómars.

Munnlegur málflutningur hefur fram farið um frávisunarkröfu stefnda, en stefnandi hefur krafizt þess, að henni verði hrundið og stefnda gert að greiða málskostnað í þeim hluta málsins.

Málsatvik eru þau, að með bréfi, dags. 22. júní 1945, til sakadómars í Reykjavík kærir stefnandi stefnda fyrir ýmis ummæli, er stefndi hafi viðhaft um stefnanda í vottorði einu, er fram hafi verið lagt í bæjarþingsmáli Reykjavíkur nr. 166/1945: Bogi Brynjólfsson gegn Árna Sigfússyni. Telur stefnandi, að í ummæli þessum sé fólgið brot gegn 108. gr. hinna almennu hegningarlaga nr. 19 frá 1940 og óskar þess, að sakamálsrannsókn verði látin fram fara og stefnda refsað fyrir ummælin. Sakamálsrannsókn virðist síðan hafa fram farið og mál verið höfðað gegn stefnda af réttvisinnar hálfu. Með dómi, upp kveðnum á aukadómþingi Reykjavíkur 30. janúar s. l. í málinu nr. 493/1946, Réttvisin gegn Jóhanni Þorkeli Jósefssyni, var stefndi talinn brotlegur gegn 108. gr. hegningarlaganna vegna ummæla þessara og hann dæmdur til refsingar fyrir þau. Ummælin voru hins vegar ekki ómerkt, og segir svo um það atriði í forsendum dómsins: „Krafa hefur ekki komið fram um að ómerkja hin kærðu ummæli.“ Dómi þessum virðist ekki hafa verið áfrýjað. Stefnandi höfðaði síðan mál þetta og gerði í því fyrrgreindar kröfur. Ummæli þau, sem stefnandi nú krefst ómerkingar á, eru þessi:

„... en hún (þ. e. herstjórn Bandaríkjahersins hér) færðist undan greiðslu skaðabóta og bar, að því er virtist, aðallega fyrir sig þá afstöðu, sem hrl. Magnús Thorlacius hafði sem umboðsmaður Árna tekið til málsins.“

„... og hafði hann þá þegar — að mínum dómi — gert málið talsvert erfiðara til sóknar, þar sem hann virðist hafa viðurkennt, án þess að sjáanleg ástæða væri til þess, að það mat, sem kunnugt er, að lagt var fram í málinu af hálfu Árna Sigfússonar, væri ósanngjarnlega hátt.“

„Það gefur auga leið, að þess háttar viðurkenning eða staðhæfing af hálfu umboðsmanns Árna gat ekki orðið til þess að draga fram hans hlut, heldur þvert á móti.“

„... og virtist hann ... hafa óvenjulegar hugmyndir um það, á hvern hátt honum bæri að berjast fyrir þeim málsstað, er hann hefði tekið að sér.“

„Þetta var að mínum dómi algert vixlspor, sem stigið var þarna ...“

„Fyrir utan það fannst mér allur gangur og tilbrif Thorlaciúsar í málinu vera nokkuð lítið röggssamlega vaxin ...“

Ummæli þessi eru hin sömu og stefndi var dæmdur til refsingar fyrir í nefndu aukadómþingsmáli.

Stefndi byggir frávisunarkröfu sína á því, að mál út af því efni, er það snýst um, heyri ekki undir bæjarþingið, þar sem það eigi að sæta opinberri ákæru. Mál út af ummælum þessum hafi að kröfu stefnanda verið rannsakað að hætti sakamála og síðan verið höfðað mál á hendur sér af réttvísinnar hálfu og atferli þetta talið varða við 108. gr. hegningarlaganna, en öll mál um brot gegn þeirri grein sæti opinberri málsmeðferð. Þar sem þegar hafi verið dæmt um sakarefni þetta, geti stefnandi ekkert frekar í því gert og eigi enga aðild að málinu. Það heyri ekki undir bæjarþingið, og því beri að frávísa því.

Stefnandi hefur hins vegar mótmælt frávisunarkröfunni, að því er varðar ómerkingu nefndra ummæla, á þeim grundvelli, að hann hafi í kæru sinni ekki krafizt ómerkingar ummælanna og ekkert hafi verið dæmt um það atriði í áðurgreindum dómi aukadómþings Reykjavíkur. Hefur stefnandi í þessu sambandi bent á, að samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 241. gr. hegningarlaganna skuli meiðandi ummæli því aðeins dæmd ómerk, að sá krefjist þess, sem misgert var við. Þá hefur stefnandi haldið því fram, að samkvæmt ákvæðum b. liðar 2. tl. 242. gr. hgl. skuli slík brot og þau, er felast í nefndum ummælum, því aðeins sæta opinberri ákæru, að sá krefjist þess, sem misgert var við.

Að því er fjárkröfuna varðar, telur stefnandi, að þar sem hann hafi ekki borið fram neina slíka kröfu í áðurgreindu sakamáli út af ummælunum, þá geti hann komið henni að í einkamáli, og komi því heldur ekki til mála að frávísa þeirri kröfu.

Um ómerkingarkröfuna: Svo sem að framan getur, var stefndi með áðurgreindum dómi aukadómþings Reykjavíkur, upp kveðnum 30. jan. s. l., talinn hafa brotið gegn ákvæðum 108. gr. hegningarlaganna með nefndum ummælum sínum um stefnanda og honum refsað fyrir þau. Hins vegar var í því máli ekki stefnt til ómerkingar á ummælunum, og hefur því ekki verið dæmt um það sakarefni. Þótt mál um refsikröfuna hafi farið að hætti sakamála, þykir krafan um ómerkingu ummæla þeirra, sem refsað var fyrir, ekki þess eðlis,

að nokkuð sé því til fyrirstöðu, að þessi dómstóll fjalli um hana. Með vísun til þess verður þessum kröfulið því ekki vísað frá bæjarþinginu.

Um fjárkröfuna: Að því er varðar *bætur til stefnanda fyrir miska* vegna nefndra ummæla stefnda svo og fégjöld til að standast kostnað af birtingu dóms í nefndu sakamáli og máli þessu, þá gerði stefnandi enga slíka fjárkröfu í sakamálinu, en eigi verður dæmt um slíkar kröfur í sakamáli, nema þess sé krafizt. Stefnanda er því *heimilt að hafa uppi slíkar kröfur í einkamáli*, og verður þessum kröfulið því heldur ekki vísað frá bæjarþinginu.

Ákvörðun um málskostnað verður tekin við væntanlegan efnisdóm í máli þessu.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Því úrskurðast:

Framangreindar frávisunarkröfur verða ekki teknar til greina.

Laugardaginn 15. júní 1946.

Kærumálið nr. 9/1946. Ásgrímur Albertsson
gegn

Erlendi Þorsteinssyni.

Ómerking og heimvísan.

Dómur hæstaréttar.

Guðmundur Hannesson bæjarfógeti hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 23. f. m., sem hingað barst 4. þ. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 105. gr. laga nr. 85/1936 skotið til hæstaréttar úrskurði, upp kveðnum á bæjarþingi Siglu-fjarðar 23. maí þ. á., þar sem sóknaraðilja var synjað um frest í máli varnaraðilja gegn honum. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og honum veittur hæfilegur frestur til vitnaleiðslu í málinu.

Varnaraðili hefur hvorki sent hæstarétti kröfur né greinargerð í kærumálinu.

Í hinum kærða úrskurði greinir hvorki aðilja málsins né málsatvik, og málsástæðum er þar ekki lýst nema að litlu leyti. Hefur héraðsdómari því ekki gætt fyrir mæla 2. máls-